

## Ítarefni með afmælisfrétt

### *Tekjur Veðurstofu vegna staðsetningar Snjóflóðaseturs*

Ýmiss verkefni hafa orðið til vegna staðsetningar Snjóflóðaseturs og hafa sum hlotið innlenda eða erlenda styrki. Einnig hefur fengist fjármögnun frá ríkinu vegna staðsetningarinnar. Dæmi:

- **Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur.** Styrkt af Leið ehf.
- **Aukin verkefni á Snjóflóðasetri Veðurstofu á Ísafirði.** Alþingi á grundvelli tillagna Vestfjarðarnefndar.
- **Snjóflóðarannsóknarverkefni (snjóflóðalíkanreikningar, tvívíð rennslisstig).** Alþingi á grundvelli tillagna Vestfjarðarnefndar.
- **Samhæfður gagnagrunnur yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar.** Alþingi á grundvelli tillagna Vestfjarðarnefndar.
- **Haf og strönd – Sjávarflóðarannsóknir.** Umhverfisráðuneyti sem hluti af sóknaráætlun landshlutanna.
- **Snjóflóðasprenningar.** Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar. Ofanflóðasjóður.
- **SNAPS.** Northern Periphery Programme. Vegagerðin. Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar (snjólíkön og skafrenningsspár fyrir vegi).
- **Vegir og Ofanflóð.** Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar.
- **Fjallasnjór.** Tækniþróunarsjóður.

Alls gerir þetta samtals tæplega 80 milljónir króna vegna ofangreindra verkefna og þá eru ótalin ýmiss Ofanflóðasjóðsverkefni sem koma til vegna staðsetningar Snjóflóðaseturs og miklar óbeinar tekjur.